Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Reglur um viðbrögð starfsfólks í grunnskólum

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS), skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, fól SHS að útbúa, í samvinnu við fræðsluyfirvöld allra sveitarfélaganna, reglur fyrir foreldra og skólayfirvöld um röskun á skólastarfi vegna óveðurs. Jafnframt var SHS falið að fylgjast með veðri og veðurspám og senda út tilkynningar í samræmi við þessar reglur, eftir atvikum í samráði við lögreglu, fræðsluyfirvöld og aðra.

Mikilvægt er að starfsfólk skóla kynni sér vel leiðbeinandi reglur fyrir foreldra um sama efni. SHS gefur eftirfarandi reglur út í samvinnu fyrir fræðsluyfirvöld á höfuðborgarsvæðinu. Skólastjórar skulu sjá til þess að vakin sé athygli starfsfólks og foreldra á reglum þessum í upphafi hvers skólaárs.

Tvö viðbúnaðarstig

Þegar veðurspár gefa til kynna að óveður sé í aðsigi á höfuðborgarsvæðinu fylgist SHS gaumgæfilega með og gefur út viðvaranir til almennings, gerist þess þörf.

Um er að ræða tvö viðbúnaðarstig vegna óveðurs:

VIÐBÚNAÐARSTIG 1: Röskun verður á skólastarfi vegna erfiðleika starfsfólks og nemenda við að komast til skóla – foreldrar fylgi yngri börnum í skólann.

VIÐBÚNAÐARSTIG 2: Skólahald fellur niður.

Með yngri börnum er hér átt við börn í 1.-7. bekk en þar er aðeins um viðmið að ræða og er þetta háð mati foreldra. Þegar rætt er um foreldra er átt við foreldra og aðra forráðamenn.

Mjög brýnt er að skólastjórnendur og annað starfsfólk fylgist vel með tilkynningum um ofangreind viðbúnaðarstig og bregðist við þeim.

Meti foreldrar það svo að best sé að halda börnum heima vegna veðurs eða færðar skulu þeir tilkynna skólanum um forföll barnsins og skoðast það þá af hálfu skólans sem eðlileg forföll.

Upplýsingaskylda skóla

Áríðandi er að skólar setji upplýsingar um stöðu mála á heimasíður sínar svo fljótt sem auðið er og uppfæri eftir þörfum. Mikilvægt er að ávallt sé skýrt hvaða starfsmaður eða starfsmenn beri ábyrgð á þessu. Einnig er mikilvægt að upplýsa svo fljótt sem auðið er þá sem svara fyrirspurnum af hálfu skólans svo tryggt sé að þeir sem leita upplýsinga hjá skólunum fái réttar upplýsingar hverju sinni.

Viðbúnaðarstig 1:

Röskun á skólastarfi – foreldrar fylgi börnum í skóla

Röskun getur orðið á skólastarfi vegna veðurs ef starfsfólk á erfitt með að komast í skóla. Gefin er út tilkynning um það í gegnum fjölmiðla. Við þessar aðstæður eru skólar engu að síður opnir og taka á móti nemendum. Þá gilda þau eindregnu tilmæli að foreldrar fylgi yngri börnum til skóla og yfirgefi þau ekki fyrr en þau eru í öruggum höndum starfsfólks og því er áríðandi að starfsfólk tryggi móttöku barnanna.

Í leiðbeiningum til foreldra er þess getið að við vissar aðstæður megi þeir búast við að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra við mönnun skólans og eru foreldrar hvattir til að taka slíkum beiðnum vel. Foreldrar geta meðal annars liðsinnt við móttöku barna og gæslu. Mikilvægt er þá að það starfsfólk sem mætt er gefi foreldrum skýr fyrirmæli um hlutverk þeirra og leysi þá undan skyldum sínum við fyrstu hentugleika með bestu þökkum af hálfu skólans.

Geisi óveður við lok skóladags er metið hvort óhætt sé að senda börnin heim eða hvort ástæða er til að foreldrar sæki börnin. Þá eru gefnar út tilkynningar um það, auk þess sem skólarnir leggja sig fram um að hafa samband við foreldra. Við þessar aðstæður er mikilvægt að tryggja að börn yfirgefi ekki skólann nema í fylgd foreldra sinna eða annarra forráðamanna.

Lendi skóli í erfiðleikum með að koma börnum heim í lok skóladags vegna veðurs eða færðar ber skólastjórnendum að hafa samband við 112 og leita aðstoðar. Mikilvægt er að starfsfólk hafi samband við foreldra eða forráðamenn þeirra barna sem um ræðir.

Viðbúnaðarstig 2:

Skólahald fellur niður

Séu aðstæður metnar svo að óhjákvæmilegt sé að fella skólahald niður um tíma vegna veðurs fá fjölmiðlar tilkynningu um það. Þá ber foreldrum að halda börnum sínum heima þangað til tilkynningar berast um annað.

Misbrestur getur þó orðið á að tilkynning af þessu tagi skili sér til allra og því er mikilvægt að yfirstjórn skólans sjái til þess að unnt sé að veita upplýsingar á staðnum og tryggi að börn lendi ekki í hrakningum.

Komi nemendur til skóla þrátt fyrir tilkynningu um að skólahald falli niður ber að halda þeim þar uns unnt er að tryggja þeim örugga heimferð.

Komist enginn starfsmaður til skóla af eigin rammleik ber skólastjórnendum að hafa samband við 112 og leita aðstoðar til þess að unnt verði að tryggja lágmarksmönnun á staðnum.

Lendi skóli í erfiðleikum með að koma börnum heim í lok skóladags vegna veðurs eða færðar ber skólastjórnendum að hafa samband við 112 og leita aðstoðar. Mikilvægt er að starfsfólk hafi samband við foreldra eða forráðamenn þeirra barna sem um ræðir.

SLÖKKVILIÐ
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík
sími 528 3000 – shs@shs.is – www.shs.is

AÐ VERNDA LÍF, HEILSU, UMHVERFI OG EIGNIR

Sveitarfélögin Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes og Álftanes standa sameiginlega að rekstri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Tilgangur þess er að vinna að forvörnum og veita fyrstu viðbrögð til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Helstu verkefni liðsins eru slökkvistörf, sjúkraflutningar, forvarnir og eldvarnaeftirlit, viðbrögð við mengunaróhöppum og almannavarnir.